

Ólafi Thoroddsen hdl.
 Jóni Ingólfssyni
 Pétri Guðmundarsyni hrl.
 Tollstjóranum í Reykjavík
 Landsbanka Íslands
 Tómasi Þorvaldssyni hdl.
 Ásgeiri Jónssyni hdl.
 Ólafi Gústafssyni hrl. og
 Birni Ólafi Hallgrímssyni hdl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Nr. 18/1986. Þriðjudaginn 5. maí 1987.
Sigurður Guðbjörnsson
 (Valgarð Briem hrl.)
 gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og
uppbóðshaldaranum í Árnessýslu
Andrési Valdimarssyni sýslumanni
 (Gunnlaugur Claessen hrl.)

Fébótaábyrgð vegna dómaverka. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta fyrir Hæstarétti með stefnu 24. janúar 1986. Hann krefst þess að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 13.846,00 krónur með dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði svo sem hér segir: 3,5% frá 1. ágúst 1985 til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og krefjast í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi hans. Til þrautavara krefjast þeir að fjárhæð dómkröfunnar verði lækkuð og verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Með bréfi 29. júlí 1982 til sýslumannsins í Árnessýslu krafðist Jón Magnússon héraðsdómslögmaður þess f.h. Kristjáns Garðarssonar að fasteignin Brúarhvammur í Biskupstungum, þinglýst eign Jóns Guðlaugssonar, yrði seld á nauðungaruppboði á grundvelli fjárnáms sem gert hafði verið í fasteigninni 8. s.m. til tryggingar skuld að fjárhæð 20.000,00 krónur auk vaxta og kostnaðar. Nauðungaruppboð á fasteigninni var auglýst í 20., 25. og 29. tbl. Lögbirtinga-
blaðsins 1983 og fyrst tekið fyrir í skrifstofu sýslumanns á Selfossi 15. apríl s.á. Sótt var þing af hálfu uppboðsbeiðanda en ekki uppboðspola. Var uppboðinu síðan frestað og ákveðið að taka það næst fyrir á eigninni sjálfri eftir ákvörðun uppboðsréttar. Var það gert föstudaginn 18. maí 1984 kl. 15:30 að undangenginni auglýsingu í Morgunblaðinu 11. s.m. Þá hafði uppboðshaldara auk áður nefndrar uppboðskröfu borist uppboðskrafa frá Steingrími Þormóðssyni héraðsdómslögmanni á grundvelli tryggingabréfs fyrir víxilskuld að fjárhæð 300.000,00 krónur með veði í fasteigninni. Samkvæmt veðbókarvottorði, sem lagt var fram, námu þinglýstar veðskuldir á eigninni, sem framar stóðu áðurgreindum kröfum upphaflega samtals 198.521,00 krónum, en ekki varð séð af skjölum máls hvort þær hefðu verið greiddar að einhverju leyti. Ekki bera gögn máls með sér að aðilum þeim, sem greinir í 3. mgr. 22. gr. uppboðslaga nr. 57/1949 eða 2. mgr. 22. gr. laga nr. 65/1976, hafi verið tilkynnt sérstaklega um að uppboðið færi fram á eigninni sjálfri þennan dag.

Á uppboðsþinginu 18. maí var uppboðspoli ekki mættur og enginn fyrir hans hönd. Jón Magnússon sótti þing fyrir hönd upp-

boðsbeiðanda en enginn af hálfu annarra veðhafa. Bauð hann 45.000,00 krónur í eignina f.h. umbjóðanda síns. Fleiri boð komu ekki og uppboðshaldari tók sér síðan frest í 2 vikur til að taka ákvörðun um fram komið boð. Ekki kom fram á þinginu krafa um annað og síðasta uppboð, sbr. 1. mgr. 29. gr. uppboðslaga. Engu að síður auglýsti uppboðshaldari annað og síðasta uppboð í eigninni í dagblaði 24. júlí s.á.

Uppboðshaldara barst nú krafa Valgarðs Briem hæstaréttarlögmanns, dags. 6. júlí 1984, um uppboð á framangreindri fasteign á grundvelli fjárnáms 29. júní 1984 fyrir kröfu að fjárhæð 42.989,00 krónur auk vaxta og kostnaðar. Var uppboðsbeiðnin lögð fram í uppboðsrétti sem háður var á fasteigninni sjálfri 31. júlí 1984. Uppboði því, sem hafði verið auglýst þann dag, var frestað en það var tekið fyrir í uppboðsréttinum síðar nokkrum sinnum þar til háð var uppboðsþing til sölu eignarinnar 9. apríl 1985. Varð Garðar Briem héraðsdómslögmaður hæstbjóðandi. Með úrskurði upp-
kveðnum 10. maí 1985 ákvað uppboðshaldarinn að hafna boðinu og ákvað að annað uppboð skyldi fara fram. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar sem með dómi 19. júní 1985 ómerkti úrskurðinn og málsmeðferðina í héraði og vísaði uppboðsmálinu frá uppboðsréttinum.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um skaðabætur fyrir tjón það sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna mistaka uppboðshaldara við framangreint uppboðsmál. Hefur hann sundurliðað kröfu sína þannig:

- | | | |
|---|-----|----------|
| 1. Fyrir mót 9. apríl 1985 skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands | kr. | 950,00 |
| 2. Hlutdeild í ferðakostnaði og dagpeningum 9. apríl 1985 skv. gjaldskrá | “ | 4.475,00 |
| 3. Akstur 240 km | “ | 2.904,00 |
| 4. Fyrir mót 26. apríl 1985 og akstur vegna kröfugerðar um afsal og viðræður við uppboðshaldara | “ | 3.510,00 |
| 5. Kærugjald til Hæstaréttar | “ | 300,00 |
| 6. Kostnaður við kærumál | “ | 1.607,00 |
| 7. Greitt endurrit | “ | 100,00 |

Samtals kr. 13.846,00

Kröfu sína byggir stefnandi á því að staðfest sé með dómi Hæstaréttar 19. júní 1985 að uppboðshaldaranum hafi orðið á mistök við meðferð framangreinds uppboðsmáls og beri stefndu fébótaábyrgð á þeim mistökum. Styður stefnandi kröfu sína á hendur uppboðshaldara einkum við ákvæði 1. og 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936. Kröfu sína á hendur fjármálaráðherra reisir stefnandi á reglum um ábyrgð ríkissjóðs vegna dómaraverka.

Kröfu sína um að málinu verði vísað frá Hæstarétti reisa stefndu á því að það sé of seint höfðað sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Taki lagagreinar þessar til málsefnisins annaðhvort beint eða með lögjöfnun. Samkvæmt lagaákvæðum þessum hafi hámarksfrestur til að höfða mál þetta verið fjórar vikur auk þriggja mánaða þar á eftir og hafi fresturinn verið liðinn þegar stefna til Hæstaréttar var gefin út 24. janúar 1986.

Stefnandi hefur mótmælt frávisunarkröfunni.

Það segir ekki berum orðum í lögum hver séu tímamörk höfðunar máls sem þessa á hendur héraðsdómara og ríkissjóði til heimtu skaðabóta vegna dómaraverka. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 38. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður héraðsdómari ekki látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, eftir að liðnir eru frestir þeir er í 1. og 2. mgr. 20. gr. laganna segir. Í 1. mgr. 20. gr. greindra laga segir að dómsathöfnum þeim, sem ekki sæti kæru til Hæstaréttar skv. 21. gr. laganna, megi áfrýja innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Þó skuli haldast sérákvæði nokkurra tilgreindra laga, þar á meðal 4. gr. uppboðslaga nr. 57/1949 og önnur sérákvæði í lögum um áfrýjunarfrest. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er áfrýjunarfrestur fjórar vikur frá lokum þeirrar dómsathafnar sem áfrýja skal en veita má dómsmálaráðherra þó leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Að svo vöxnu máli og m.a. með hliðsjón af dómi Hæstaréttar 25. janúar 1950 í málinu nr. 52/1949 þykir gagnvart báðum stefndu eiga að beita lögjöfnun frá 2. mgr. 38. gr. laga nr. 75/1973 sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Mál þetta var höfðað fyrir Hæstarétti með stefnu 24. janúar 1986 en þá var frestur til þess liðinn samkvæmt framansögðu. Ber því samkvæmt þessu að

sýkna stefndu af kröfum stefnanda án þess að til álita komi hvort stefnandi, sem eigi var aðili að hinu áðurgreinda uppboði, var réttur aðili að máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs og uppboðshaldarinn í Árnassýslu, Andrés Valdimarsson sýslumaður, skuli vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurðar Guðbjörnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 2. mgr. 38. gr. laga nr. 75/1973 er sérregla um kröfugerð, þegar máli er áfrýjað. Verður henni ekki beitt með lögjöfnun að mínu áliti. Frestur til að höfða mál þetta fyrir Hæstarétti er enginn settur í lögum, en krafan lýtur almennum fyrningarreglum. Ber því að ég tel að dæma málið að efni til. Meirihluti dómsins hefur komist að annarri niðurstöðu, og eru því ekki efni til að ég fjalli frekar um málsefnið.

Miðvikudaginn 6. maí 1987.

Nr. 105/1987. **Jón Bjarnason**

gegn

Óttari Proppé

Kærumál. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. febrúar 1987, er barst Hæstarétti